

# BOHNANZA

## SPILAREGLUR

von Uwe Rosenberg


### Í STUTTU MÁLI

Þátttakendur setja niður baunir í 2-3 akra og reyna að selja þær með eins miklum hagnaði og þeir geta. Þegar baunir eru seldar fást fleiri gullpeningar fyrir margar baunir af sömu tegund. Markmið spilsins er að vinna sér inn flesta gullpeninga með því að setja niður, taka upp og selja baunir. Ef leikmenn eru ekki fyrirhyggjusamir geta þeir neyðst til að þurfa að taka upp og selja baunir sínar áður en þær þroskast og á lægra verði en þeir höfðu gert sér vonir um. Stundum fæst jafnvel ekkert gull fyrir uppskeruna.

### ÞÆTTIR SPILSINS

#### Baunaspilin

Í stokknum eru ellefu mismunandi bauna-tegundir. Það eru mismörg spil af hverri tegund. Á spilunum sést hve mörg spil eru af viðkomandi tegund í stokknum, ásamt heiti baunarinnar og mynd af henni.



Fjöldi baunaspila af þessari tegund

Baunaverðskrána er að finna neðst á hverju baunaspili. Hún sýnir hversu marga gullpeninga leikmaður fær fyrir að selja baunir af þessari tegund. Talan gefur til kynna hversu mörg bauna-spil af þessari tegund þarf að selja til að vinna sér inn einn, tvo, þrjá eða fjóra gullpeninga.



#### Baunaverðskráin



#### 1. dæmi:

Ef leikmaður selur eina eða tvær fjölbaunir fær ekkert fyrir þær. Fyrir að selja þrjár eða fjórar fjölbaunir fær hann einn gullpening. Fyrir fimm eða sex fær hann tvo gullpeninga, sjö fjölbaunir gefa þrjá gullpeninga og fyrir átta eða fleiri fær hann fjóra gullpeninga.

#### Gullpeningar

Þegar leikmaður selur baunir fær hann gullpeninga með því að snúa við réttum fjölda bauna-spila þannig að bakhliðin með gullpeningnum snúi upp.

#### Baunaakrar

Svæðið fyrir framan hvern leikmann er bauna-býlið hans. Hver leikmaður byrjar með tvo baunaakra á býlinu sínu. Í hvern baunaakur má hann aðeins setja niður baunaspil af einni tegund, en hann má setja niður eins mörg spil af þeirri tegund og hann getur. Leikmennirnir raða spilunum ofan á hvert annað þannig að sjáist í efsta hluta hvers spils.

#### Baunaakur 1



#### Baunaakur 2



Bakhliðin á hverju baunaspili táknar gullpening.

Í hvern baunaakur má aðeins setja niður eina baunategund í einu. Í auðan baunaakur má setja niður hvaða tegund sem er.

### UNDIRBÚNINGUR

Spilin sem tákna þriðja baunaakurinn eru sett í kassann. Elsti leikmaðurinn stokkar baunaspil-in vel og gefur hverjum leikmanni fimm spil og lætur þau snúa niður. Þetta eru spilin sem hver leikmaður byrjar með á hendi. Leikmenn taka upp spilin og gæta þess að breyta ekki röð-inni á þeim.

**ATH:** Leikmenn mega aldrei breyta röð spila sem þeir hafa á hendi. Það þýðir að bannað er að flokka spilin eftir tegundum eða á nokkurn annan hátt. Leikmenn verða að setja spilin niður í þeirri röð sem þeir fengu þau. Þegar leikmaður dregur ný spil verður hann að draga eitt í einu og setja þau aftan við aftasta spilið sem hann er með á hendi.

Spilin, sem eftir eru, eru sett í bunka á hvolf á mitt borðið (þannig að hliðin með gull-peningnum snúi upp). Skilja þarf eftir pláss fyrir kastbunka við hliðina á honum. Sá, sem situr vinstra megin við þann sem gaf, byrjar.

### SPILIÐ

Sá sem á leik gerir eftirfarandi:

1. Setur niður baunaspil
2. Flettir upp baunaspilum, skiptist á spilum eða gefur þau
3. Setur niður baunaspil sem hann fær í skiptum eða gefins
4. Dregur ný baunaspil

#### 1. Að setja niður baunaspil

Sá sem á leik verður að setja fremsta spilið, sem hann er með á hendi, niður í einn af ökrunum sínum. Ef spilið er af sömu tegund og baunirnar í einum af ökrunum hans, má hann setja það niður þar. Ef það er ekki eins, má hann setja það niður í auðan baunaakur. Ef spilið passar ekki við baunir, sem eru fyrir í akri, eða ef leikmaðurinn á ekki auðan akur, verður hann að rýma akur með því að taka upp og selja allar baunirnar úr einum akrinum sínum (sjá *Að taka upp og selja baunir*) og setja svo spilið niður í akurinn, sem nú er auður.

Því næst má leikmaðurinn setja niður næsta spil (sem nú er fremsta spil hans á hendi) á sama hátt og það fyrsta. Hann má þó aldrei leggja niður þriðja spilið í sömu umferð.


Ef sá sem á leik er ekki með nein spil á hendi sleppir hann þessu þrepi.

#### 2. Að fletta upp baunaspilum, skiptast á spilum eða gefa þau

Sá sem á leik flettir upp tveimur efstu spilunum úr bunkanum svo að allir leikmenn sjái þau. Hann má geyma þessi spil til að setja þau niður í sína akra, láta þau í skiptum til hinna leik-mannanna eða gefa þeim þau.

Sá sem á leik má nú skiptast á spilum við hina leikmennina. Hann má einnig bjóðast til að gefa þeim spil og þeir mega bjóðast til að gefa honum spil.

#### 2. dæmi:



Stefán flettir upp garðbaun og soja-baun úr bunkanum. Hann ákveður að halda garðbauninni og leggur bana til bliðar. Hann býðst svo til að láta sojabauinina í skiptum fyrir aðra með því að spyrja: „Vill einhver sojabau? Ég vil helst skipta á benni og rauðri baun.“

#### Reglur um skipti og gjafir:

- Viðskipti mega aðeins eiga sér stað á milli þess, sem á leik, og eins annars leikmanns í einu. Þeir, sem ekki eru að gera, mega ekki skiptast á spilum sín á milli.
- Sá sem er að gera má bjóða í skiptum eða gefa spilin tvö, sem flett var upp, og/ eða spil af hendi.

**Spilær:** 2 - 7  
**Alter:** 12 ára og eldri  
**Dauer:** upb. 45 mín.

**Inhalt:**  
154 baunaspil  
7 spil sem tákna þriðja baunaakurinn  
1 leikreglur

Fjöldi spila af hverri bauna-tegund í stokknum:

- 24 kaffibaunir (Coffee Beans)
- 22 vaxbaunir (Wax Beans)
- 20 bláar baunir (Blue Beans)
- 18 Chili-baunir (Chili Beans)
- 16 fjölbaunir (Stink Beans)
- 14 grænar baunir (Green Beans)
- 12 sojabauinir (Soy Beans)
- 10 augnbaunir (Black-eyed Beans)
- 8 rauðar baunir (Red Beans)
- 6 garðbaunir (Garden Beans)
- 4 kakóbaunir (Cocoa Beans)

### 3. dæmi:



Stefán segir: „Ég vil láta sojabaunina sem flett var upp og bláa baun af hendi í skiptum fyrir rauða baun.“

- Þeir sem ekki eru að gera mega aðeins láta í skiptum eða gefa baunir sem þeir eru með á hendi.
- Sá sem á leik má halda áfram að eiga viðskipti með eða gefa spil af hendi eftir að hann er búinn að leggja spilin tvö, sem flett var upp, til hliðar, skipta þeim fyrir önnur eða gefa þau.

#### Ath:

Leikmenn mega ekki taka á hendi spil sem þeir fá í skiptum eða gefins heldur verða þeir að leggja þau til hliðar fyrir næsta þrep. Ekki má skipta á þessum spilum aftur eða gefa þau. Leikmenn mega ekki breyta röð spila sem þeir eru með á hendi en þeir mega láta í skiptum eða gefa hvaða spil sem er af hendi. Til að tryggja að röðin raskist ekki mega þeir ekki taka spil úr röðinni, til að láta í skiptum eða gefa, fyrr en boð þeirra um skipti eða gjöf hefur verið samþykkt.

#### Gjafir:

Þrátt fyrir að æskilegra sé að skiptast á spilum en gefa þau er það oft leikmanni í hag að gefa spil frekar en að halda þeim vegna þess að hann verður fyrr eða síðar að setja niður spilin sem hann heldur eftir. Sá sem á leik má hvort sem er gefa spilin tvö, sem hann fletti upp úr bunkanum, eða spil sem hann er með á hendi. Aðrir leikmenn mega aðeins gefa þeim leikmanni sem á leik spil og aðeins spil sem þeir eru með á hendi. Enginn þarf að taka boði um að fá spil gefins. Því verða leikmenn fyrst að bjóða spilin fram og boðinu þarf að hafa verið tekið áður en þeir taka spilin af hendi.


Spilin tvö, sem flett var upp úr bunkanum, og öll spil, sem leikmenn hafa skipt á eða gefið, þarf að setja niður í akra í næsta þrepi.

Þessu þrepi lýkur þegar sá sem á leik getur ekki komið á fleiri viðskiptum eða gjöfum.

### 3. Að setja niður baunaspil sem fást í skiptum eða gefins

Allir leikmenn verða nú að setja niður í akra sína þau baunaspil sem þeir fengu í skiptum eða gefins (sá sem á leik setur líka niður þau spil, sem hann ákvað að geyma, af þeim sem hann fletti upp). Sá sem á leik ræður í hvaða röð hann setur spilin niður en hann verður að planta þeim öllum. Leikmenn mega (og gætu þurft að) taka upp og selja baunaröð hvenær sem er (*sjá „Að taka upp og selja baunir“*).

#### Dæmi 4:



Þegar Stefán fletti upp sojabaun og garðbaun úr bunkanum lét hann Önnu fá sojabaunina og bláa baun af hendi í skiptum fyrir rauða baun. Hann hélt sjálfur garðbauninni. Nú, þegar viðskiptunum er lokið, verður hann að setja baunirnar tvær niður. Fyrst setur hann rauðu baunina niður í annan akurinn sinn. Síðan setur hann garðbaunina niður í hinn akurinn sinn.

Ef leikmaður neyðist til að setja niður baun sem ekki passar við spilin í ökrum hans og hann á engan auðan akur verður hann að útvega sér auðan akur. Það getur hann gert með því að kaupa sér þriðja akurinn (sjá hér á eftir) eða rýma akur með því að taka upp og selja baunir úr öðrum akrinum sínum. Því næst má hann setja baunaspilið niður í akurinn sem nú er auður.

### 4. Að draga ný baunaspil


Sá sem á leik dregur nú þrjú spil úr bunkanum. Hann dregur eitt í einu og setur þau aftast í spilaröðina sem hann er með á hendi. Hann verður að taka þau upp á hendi í þeirri röð sem hann dregur þau. Þegar bunkinn er uppurinn stókkar sá, sem á að draga, kastbunkann og setur hann á hvolf á borðið til að hægt sé að draga úr honum að nýju.

Þegar sá sem á leik er búinn að draga, er röðin komin að næsta leikmanni. Sá sem situr honum á vinstri hönd á nú leik.

#### Að taka upp og selja baunir

Leikmenn mega hvenær sem er taka upp og selja baunir, jafnvel þótt þeir eigi ekki leik. Ef leikmaður selur baunir úr akri verður hann að selja allar baunirnar í akrinum. Þegar baunir eru seldar eru spilin í akrinum talin. Síðan er lesið af baunaverðskránni á spilunum, sem verið er að selja, til að sjá hversu margir gullpeningar fást fyrir söluna. Leikmaðurinn snýr við sama fjölda af baunaspilunum, sem hann er að selja, þannig að hliðin með gullpeningnum snúi upp og setur þau í peningastaflann sinn. Baunaspilin, sem hann breytir ekki í gullpeninga, fara í kastbunkann og eru látin snúa upp.

#### Dæmi 5:



Markús vill taka upp og selja Chibi-baunirnar sínar. Samkvæmt baunaverðskránni fær hann einn gullpening fyrir Chibi-baunirnar þrjár. Hann snýr því einu Chibi-baunaspili við og setur það í peningastaflann sinn. Hinum Chibi-baunum tveimur fleygir hann í kastbunkann.

Leikmenn geta þurft að selja baunir án þess að fá neitt fyrir þær.

#### Dæmi 6:

*Ef Markús myndi taka upp og selja aðeins tvær Chibi-baunir fengi hann ekkert fyrir þær þar eð hann þarf að selja a.m.k. þrjár til að fá einn gullpening.*

Þegar leikmaður selur baunir úr akri má hann velja hvaða akur sem er sem inniheldur tvö baunaspil eða fleiri. Leikmaður má ekki selja baunir úr akri þar sem er bara eitt baunaspil nema það sé bara eitt spil í öllum ökrum hans. Í því tilviki má hann velja úr hvaða akri hann selur.

#### Að kaupa þriðja baunaakurinn

Leikmenn mega kaupa sér þriðja baunaakurinn einu sinni í hverju spili. Það gerir þeim kleift að setja niður baunir í þrjá akra í stað tveggja. Leikmaður má kaupa akur hvenær sem er, jafnvel þótt hann eigi ekki leik. Þriðji baunaakurinn kostar þrjú gullpeninga. Leikmaðurinn borgar hann með því að taka þrjá efstu gullpeningana úr peningastaflanum sínum og setja í kastbunkann þannig að spilin snúi upp. Hann tekur því næst spil sem táknar þriðja baunaakurinn og leggur það við hlið akranna sinna, í allra auglýn, og lætur það snúa upp. Hann má setja niður baunir í akurinn þegar í stað.

#### LEIKSLOK OG STIGATALNING

Spilinu lýkur þegar bunkinn er uppurinn í þriðja skipti. Ef það gerist á 2. þrepi má sá, sem er að gera, halda áfram til loka þriðja þreps. Ef ekki eru nógu mörg spil í bunkanum til að hann geti dregið tvö dregur hann bara eitt. Ef það gerist hins vegar á 4. þrepi lýkur spilinu þegar í stað.

Í lok spilsins leggja leikmenn spilin, sem þeir eru með á hendi, til hliðar og taka upp og selja allar baunir sem þeir eiga í ökrum sínum. Sá sem á flesta gullpeninga vinnur. Ef tveir eða fleiri eiga jafnmarga gullpeninga vinnur sá þeirra sem var með flest spil á hendi.



AMIGO Spiel + Freizeit GmbH, Waldstraße 23-D5, D-63128 Dietzenbach  
E-mail: AMIGO\_Spiele@compuserve.com



Spil sem táknar þriðja baunaakurinn

\* Leikmaður sem ekki á a.m.k. þrjú gullpeninga, má ekki kaupa sér þriðja baunaakurinn.

Það er ekki leyfilegt að fá lánaða peninga hjá öðrum leikmönnum eða bankanum.